



**GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR**

Ágæta heimilisfólk

Gagnaveita Reykjavíkur, sem er dótturfélag í 100% eigu Orkuveitu Reykjavíkur, vinnur að ljósleiðaravæðingu í samstarfi við sveitarfélagið þitt og fjölda þjónustuaðila. Nú býðst heimili þínu að tengjast ljósleiðara.

Ljósleiðari er fullkomnasta gagnaflutningsleið sem völ er á með nánast óendanlegum möguleikum. Gagnaveita Reykjavíkur sér um að tengja og veita aðgang að ljósleiðaranum en óháðir þjónustuaðilar veita þjónustu sína um hann. Þetta tryggir virka samkeppni og fjölbreytt úrval þjónustu.

Á næstu dögum munu starfsmenn Gagnaveitu Reykjavíkur heimsækja þig eða fulltrúa húsfélagsins til að skoða aðstæður og fá samþykki fyrir framkvæmdum. Finna þarf hentugan inntaksstað í húsið og tryggja bestu lagnaleið á lóð þinni sem og innanhúss. Heimsókn þessi er undanfari hönnunar og undirbúningur að verklegri framkvæmd. Ítarlegri upplýsingar verða sendar varðandi framkvæmdir þegar þær hefjast. Við vonumst til að íbúar sýni framkvæmdum skilning og þolinmæði.

Gagnaveita Reykjavíkur ber allan kostnað við tengingu hússins. Lagður er ljósleiðari upp að hverju húsi sem endar í inntakskassa innan við húsvegg. Lögð er áhersla á að frágangur sé faglegur og rask í lágmarki. Þegar ljósleiðaravæðingu er lokið mun heimili þínu bjóðast aðgangur að ljósleiðaranum fyrir fast mánaðarlegt gjald.

Það sem er í boði:

Gagnvirkt sjónvarp

Ekkert loftnet, ekkert vesen. Með gagnvirku sjónvarpi getur þú fengið allar íslenskar sjónvarpsrásir og fjölda erlendra rása. Auk þess býðst þér fjölbreytt myndefni heima í stofu sem þú leigir með fjarstýringunni (Video on Demand). Gagnvirkt sjónvarp gerir þér kleift að horfa á háskerpusjónvarp í bestu gæðum þegar slíkar útsendingar hefjast.

Internet á ljóshraða

Meiri hraði en áður hefur þekkt á Interneti til heimila, margfaldur hraði miðað við ADSL. Sami hraði í báðar áttir og allt að 30 MB/s tengingar í boði. Gagnvirka sjónvarpið truflar ekki hraða Internetisins.

Ódýrari heimasími

Heimasími með VoIP (Voice over IP) sem er ný og ódýrari tækni. Heimilið getur notað núverandi símtæki og ekki er þörf á að greiða fyrir aðgang að símalínu.

Með von um góð viðbrögð,

Starfsfólk Gagnaveitu Reykjavíkur.